

Mál nr. 391/2020

**M og
V v/ greiðslukortatryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna ráns og líkamsmeiðsla utan heimalands váttryggðs.**Gögn.**

Málskot, móttakið 31.10.2020, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 9.12.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 9. október 2020 fór M, myndlistarmaður, með flugvél frá Osló, þar sem hann er búsettur til Berlínar, en þar hugðist hann starfa á vinnustofu í þrjár vikur. Eftir að hann lenti í Berlín tók hann leigubifreið í tiltekið hverfi borgarinnar þar sem hann fór í verslun til að panta vörur og efni til nota á vinnustofunni. Að svo búnu fór hann í hraðbanka til að taka út evrur. Síðan kveðst M ekki hafa munað eftir sér fyrr en hann var kominn á lögreglustöð til aðhlýnningar, en hann hafi verið rotaður og rænt af honum leðurjakka og tveimur töskum með ýmsum fjármunum í.

M hefur krafist bóta úr nánar tilgreindri greiðslukortatryggingu sem hann hafði í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til ákvæðis í skilmálum váttryggingarinnar þar sem segir að váttryggður sem fer til vinnu eða náms sé einungis váttryggður á útleið og heimleið.

Álit.

Ekki er um það deilt að M fór til Berlínar í umrætt sinn til að starfa þar um þriggja vikna skeið á vinnustofu í myndlist. Samkvæmt þeim váttryggingarskilmálum sem hér eiga í hlut gildir váttryggingin samkvæmt því sem nánar greinir í skilmálunum á ferðalögum frá heimili váttryggðs í allt að 60 samfellda ferðadaga. Á hinn bóginn gildir sú undanþáguregla að „[v]áttryggður sem fer til vinnu eða náms er einungis váttryggður á útleið og heimleið“, eins og orðrétt segir í umræddu ákvæði í skilmálunum. Í ákvæði þessu felst að váttryggingin tekur ekki til dvalar váttryggðs utan heimilis vegna vinnu eða náms, með öðrum orðum að þá telst hann ekki vera á ferðalagi í skilningi váttryggingarskilmálanna. Í ljósi þessa verður í tilviki M að skýra umrætt undanþáguákvæði svo að hann hafi ekki verið lengur á útleið frá sínu heimalandi er hann varð fyrir líkamsmeiðingum og var rændur jafnvel þótt það hafi gerst á leið hans frá flugvælinum að vinnustofunni. Greiðslukortatrygging M hjá V var því ekki í gildi þegar tjónsatburðurinn varð. Hann á því ekki rétt á bótum úr váttryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr greiðslukortatryggingu hjá V.

Reykjavík, 12. janúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.